

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Akureyri, 6. maí 2021
UST202002-515/S.R.B.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi Benchmark Genetics Iceland hf. Kirkjuvogi

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Benchmark Genetics Iceland hf. vegna starfsleyfis til landeldis í Kirkjuvogi.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 90 tonn á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 6. maí 2037.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllt,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
sviðsstjóri